

**1. fundur fræðslunefndar ársins 2011 vegna Undralands, haldinn 26. janúar 2011 í leikskólanum, kl. 16:00.**  
**4. fundur á kjörtímabilinu 2010-2014.**

Mætt: Helgi Jóhannesson formaður, Unnsteinn Logi Eggertsson, Gunnar Þór Jóhannesson, Halldóra Halldórsdóttir leikskólastjóri, Hanna Björk Grétarsdóttir, fulltrúi starfsfólks og Ragnheiður Ósk Guðmundsdóttir, fulltrúi foreldra (varamaður Fannars Geirs Ólafssonar).

**Dagskrá:**

1. Skýrsla leikskólastjóra.
2. Starfsmannamál.
3. Rekstrarniðurstaða 2010 og samþykkt fjárhagsáætlun árið 2011.
4. Erindisbréf fræðslunefndar.
5. Undanþágubeiðnir vegna vistunar yngri barna.
6. Gjaldtaka vegna barna sem sótt eru of seint á leikskólann.
7. Sameiginlegt foreldraráð.
8. Önnur mál.

Formaður setti fund og bauð viðstadda velkomna. Gengið var til dagskrár.

**1. Skýrsla leikskólastjóra.**

- Desember leið eins og örskot enda var margt að gera hjá okkur við kláruðum að gera jólagjafirnar í byrjun desember. Mikil vinna er lögð í jólagjafirnar og öðlast barnið margskonar færni við gerð þeirra, en mest um vert er að kunna að gefa með stolti það sem maður hefur skapað sjálfur og tilfinninguna sem fylgir því að gleðja aðra.
- Daglega komu allar deildir saman og opnuðu litla pakka af dagatalinu, sungu saman jólalög og kveiktu á aðventukransinum. Mikil samvinna var við pakkaopnunina og má segja að samvinnuhugtakið hafi einkennt starfið í desember.
- Séra Eiríkur kom reglulega á aðventunni, sagði okkur sögur um mannkærleik, kenndi okkur bænir og söng með okkur.
- Kveikt var á úti jólatrénu okkar 1. des og fá ljósín að lýsa áfram fram í þorra.
- Foreldrafélagið bauð okkur upp á leiksýninguna Grýlu og jólasveinana og var yngsta stigi Flúðaskóla boðið líka. Börnin skemmtu sér hið besta, þó að okkur fullorðnu hafi þótt það óþægilegt hversu oft leikkonan datt úr hlutverki til að síða börnin.
- Halldóra og Eydís fóru til Stokkhólms í upphafi desember og sátu fyrirlestur um skráningar hjá Reggio institúti í Stockholm. Fyrirlesturinn stóðst allar væntingar og vel það og leiddi þessi ferð af sér samstarf á milli þriggja leikskóla og er ætlunin að fá fyrirlesarana til Íslands næsta haust með fyrirlesturinn fyrir starfsfólki leikskólanna.
- Heimsókn í Heimaland er einn af okkar árlegu viðburðum í desember, við erum boðin til þeirra í opið hús, við sungum nokkur vel valin jólalög svo las hún Bubba fyrir okkur sögu. Dansað var í kringum jólatréð, sem er úr tré með ekta kertaljósum. Börnin fengu svo smákökur og svala. Þetta eru alltaf mjög skemmtilegar heimsóknir svo erum við leyst út með gjöf sem er fullur poki af þrjúnuðum vettlingum og sokkum, ómetanlegar gjafir sem ylja sál og líkama.
- Bakaðar voru piparkökur á öllum deildum um miðjan desember, foreldrum er boðið að koma og taka þátt í bakstrinum og eru þetta hinar notalegustu stundir með jólatónlist, kertaljósi og svo að sjálfsögðu piparkökum.
- Hápunkturinn var jólaballið en þar var sungið og dansað við frábæran undirleik Gardars og Unnsteins, sem ávallt eru tilbúnir að bregða á leik. Jólasveinninn kom og færði börnunum mandarínu og litla bók sem foreldrafélagið okkar hafði laumað í pokann þeirra.
- Ágætis mæting var milli jóla og nýárs þ.a.s. 10-15 börn og voru þrír starfsmenn alltaf í húsi, ánægjulegt var hversu margir gátu notið þess að eiga jólafrí saman. Óánægja var hjá mötuneyti vegna þess að við kröfðumst að eldað væri fyrir okkur á milli jóla og nýárs.
- Foreldrafélagið gaf leikskólanum glæsilega jólagjöf og þökkum við þeim kærlega fyrir. Við fengum líka jólagjafir frá börnum og starfsfólki, bækur, púsl og DVD. Frábærar gjafir allar sem ein.
- Helsti viðburður janúarmánaðar var án efa karladagurinn, hvert barn var búið að útbúa boðsbref og fállega gjöf til að færa sínum karli. Í vikunni fyrir karladaginn gera börnin boðskort fyrir sinn karl. Mikil umræða fer fram um það „hvað karlar gera“ og eru svör barnanna alveg stórskemmtileg. Dagurinn var

hin ánægjulegasti og gaman að sjá hversu margir sáu sér fært að mæta og eiga stund með barninu sínu við leik og störf.

- Starfsmannahandbók Undralands var unnin í janúar. Farið verður í innra mat leikskólans nú í febrúar.
- Við settum dúka á borð í Hrunakrök og við tókum eftir breytingu á hljóðvist sem er kærkomin. Jói og Mummi settu upp víra hjá listasmiðjunni og ætlum við að hengja í vírana gardínur til að fá enn betri vinnufrið á svæðinu.
- Dagur leikskólans verður 6. febrúar. Í tilefni dagsins opna nemendur leikskólans myndlistasýningu í versluninni Samkaup/Strax þann 4. febrúar. Verkin sem sýnd verða eru um vináttuna og hvaða sýn börnin hafa á vináttu. Sýningin verður opin út febrúarmánuð. Dagur leikskólans er haldin til að vekja athygli á leikskólanum og því starfi sem þar fer fram.
- Í janúar urðu nokkrar breytingar á starfsmannahaldi, einn kom úr barnsburðarleyfi og einn af okkar starfsmönnum fór í veikindafrí og kallaði það á endurskipulagningu.
- Mjög góð nýting er á leikskólavistuninni og í febrúar verða öll börnin í vistun á föstudögum, það hefur ekki gerst áður í sögu leikskólans. Þá verður aðeins eitt barn sem er í 4ra daga vistun. Vistun á föstudögum hefur aukist verulega og er aðkallandi að ráða einn starfsmann til eftir hádegi á föstudögum frá 1.febrúar.

## 2. Starfsmannamál.

Leikskólastjóri fór yfir starfsmannamál. Vegna aukinnar vistunnar eftir hádegi á föstudögum, frá og með 1. febrúar, er ljóst að bæta þarf við starfshlutfalli. Málið verður leyst með aukningu starfshlutfalls hjá starfsmanni leikskólans, og því þarf ekki að ráða nýja manneskju vegna þessa.

## 3. Rekstrarniðurstaða ársins 2010 og samþykkt fjárhagsáætlun fyrir 2011.

Leikskólastjóri fór yfir rekstrarniðurstöðu leikskólans fyrir árið 2010. Rekstur leikskólans er í samræmi við fjárhagsáætlun ársins 2010. Fræðslunefnd fagnar þessum árangri.

## 4. Erindisbréf fræðslunefndar.

Formaður fór yfir drög að erindisbréfi fræðslunefndar. Málið rætt. Á fundi fræðslunefndar í Flúðaskóla fyrr í dag var ákveðið að fresta afgreiðslu þess til næsta fundar. Samþykkt að senda ný drög til fundarmanna og fresta afgreiðslu málsins til næsta fundar.

## 5. Undanþágubeiðnir vegna vistunar yngri barna.

Leikskólastjóri lagði fram tvær beiðnir um vistun yngri barna. Á grundvelli 6. gr. vistunarreglna leikskólans og þess að svigrúm er innan leikskólans til að verða við ósk umsækjenda, samþykkir fræðslunefnd að verða við beiðnunum.

## 6. Gjaldtaka vegna barna sem sótt eru of seint á leikskólann.

Leikskólastjóri skýrði frá því að börn eru í auknum mæli sótt of seint í leikskólann. Engar sérstakar reglur eru varðandi þetta í leikskólanum. Fræðslunefnd samþykkir að sérstakt gjald verði innheimt fyrir hverjar 15 mínútur sem barnið sótt of seint, 10 mínútum eftir lok vistunartíma. Gjaldið verði 500 kr. fyrir hvert byrjað korter. Samþykkt að leikskólastjóri kynni regluna ítarlega fyrir foreldrum og breytingin taki gildi frá og með mánudeginum 14. febrúar.

## 7. Sameiginlegt foreldraráð.

Leikskólastjóri upplýsti að heimild er í lögum um leikskóla að unnt er að sækja um til sveitarfélagsins, t.d. vegna fámenns leikskóla, að ekki sé starfandi foreldraráð fyrir leikskólann. Áhugi foreldra að starfa í ráðinu hefur verið takmarkaður í gegnum tíðina. Samþykkt að skoða málið og taka fyrir á næsta fundi.

## 8. Önnur mál.

- a) **Næringarúttekt á matseðlum.** Leikskólastjóri upplýsti um næringarúttekt sem framkvæmt var hjá Ljósuborg í Grímsnes- og Grafningshreppi, af Næringarsetrinu. Samþykkt að leikskólastjóri skoði málið í samvinnu við skólastjóra Flúðaskóla.

Fleira var ekki gert. Fundargerð lesin yfir og samþykkt. Fundi slitið kl. 17.20.